

8. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

Alfreð Schiöth, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, kynnti starfsemi HNE á árinu og hóf mál sitt með örstuttri kynningu á embættinu.

Alfreð sagði ársreikning liggja fyrir og að vanda væri reksturinn í góðu jafnvægi. Hann sagði fjárhagsáætlun næsta árs einnig liggja fyrir og helstu breytingar þær að launaliður hækkaði talsvert á milli ára, sem væri afleiðing af kjarasamningum. Hann sagði aðra liðir nokkuð stöðuga.

Alfreð sagði frá alvarlegu tilviki á árinu þar sem upp kom matareitrun af hættulegri tegund sem tengdist heimavinnslu matvæla. Hann sagði að seinna á árinu hefði komið upp önnur matareitrun. Sú matareitrun hafi verið hefðbundin og komið upp í mötuneyti.

Alfreð sagði álagningararmiðar fullnægjandi aðvörun frá heilbrigðisfulltrúa, t.d. þegar skilinn væri eftir númerslaus bíll úti á götu. Hann sagði þurfa að finna eigandann þegar bílar eða lausamunir væru inni á lóðum. Þá sagði hann mikilvægt fyrir sveitarfélögin að eiga innviði og aðgang að verktökum sem bökkðu upp heilbrigðisfulltrúann þegar kæmi að því að fjarlægja svona dót.

Alfreð sagði að loftgæðamál hefðu verið talsvert í umræðunni og að komin væri kvöð á heilbrigðisnefndir að smíða viðbragðsáætlanir ef tilteknið þættir í loftgæðum færu úr böndunum. Hann sagði nærtækasta dæmið svífryksvandamál í þéttbýli. Alfreð sagði frá nýju rykbindiefni, calsíum magnesíum acetat (CMA) og að verið væri að skoða hvaða möguleikar væru í innflutningi á því.

Að lokum nefndi Alfreð skammtilegt mál sem kom upp í sumar þegar draugahljóð barst víða um Akureyri. Hann sagði að heilbrigðisfulltrúar, með aðstoðarlið, hefðu farið og lagt við eyrun hér og þar og að í ljós hefði komið að skúta sem var í höfninni við Hof væri skýringin.